

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. apríl 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Laugarvatni.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota norðan við grunnskólann breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir og opið svæði til sérstakra nota. Svæði fyrir þjónustustofnanir við Lindabraut breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Bolungarvíkurhreppi, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu.

Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns, sbr. 1. og 2. gr., skal greiðast af hlutaðeigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur kr. 10.000 í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. grein.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. maí 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Álftanesi.

Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.

Bæjarstjórn Álftaness samþykkti þann 10. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti á Álftanesi.

Breytingin felur í sér að tólf parhúsaloðum við Klukkuholt, Lyngholt og Muruholt, fjórum við hverja götu, er breytt í 18 raðhúsaloðir, sex við hverja götu. Átta einbýlishúsaloðum við Klukkuholt er breytt í sextán raðhúsaloðir. Auk þess er reiðstígur merktur með fram Suðurnesvegi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 18. maí 2005.

Gunnar Valur Gíslason bæjarstjóri.